

Tillaga til þingsályktunar

um náttúrustofur.

Flm.: Líneik Anna Sævarsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson, Halla Signý Kristjánsdóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Karl Gauti Hjaltason, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að koma á fót starfshópi til að meta reynsluna af starfi náttúrustofa og kanna hvort hagkvæmt sé að náttúrustofur taki formlega að sér fleiri svæðisbundin verkefni en þær hafa nú með höndum. Starfshópnum verði falið að móta leiðir til að styrkja samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins í þeim tilgangi að nýta fjármagn til þekkingaröflunar og vöktunar á náttúru landsins sem best og til að auka skilvirkni í samstarfi um náttúruvernd.

Greinargerð.

Tillaga þessi var síðast flutt á 149. löggjafarþingi (29. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Þá bárust umhverfis- og samgöngunefnd níu umsagnir og voru þær jákvæðar. Tillagan er nú endurflutt með viðbótum í greinargerð um skipan starfshóps og er þar með tekið tillit til ábendingar frá Samtökum náttúrustofa.

Nú eru rúm 40 ár síðan fyrstu hugmyndir um náttúrustofur landshlutanna komu fram og meira en 20 ár síðan fyrsta stofan hóf starfsemi, en Náttúrustofa Austurlands tók til starfa árið 1995. Náttúrustofurnar starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Fyrstu árin voru stofnunar reknar með beinni aðild ríkisins sem skipaði einn stjórnarmann en með lagabreytingu árið 2002 dró ríkið sig út úr beinni aðild að stofnunum. Samningar voru gerðir um fjárframlög ríkisins til stofanna við sveitarfélögin sem eiga þær og reka.

Frá árinu 2002 hefur smátt og smátt dregið úr tengslum náttúrustofa við umhverfis- og auðlindaráðuneytið þrátt fyrir að lesa megi úr umræðum á Alþingi og umfjöllun umhverfisráðherra þá og síðar að ætlunin hafi ekki verið að draga úr samvinnu við stofnanir ríkisins heldur að skýra rekstrarlega ábyrgð. Jafnframt hefur dregið úr fjárframlögum ríkisins til stofanna.

Það er ljóst að álit ráðherra, ráðuneytisins og Alþingis árið 2002 var að náttúrustofur gegndu mikilvægu hlutverki á sviði náttúruvæðingna og við framkvæmd náttúruverndar í samstarfi við stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Því var í samningum kveðið á um árlega fundi ráðuneytisins með forstöðumönnum náttúrustofa, formönnum stjórna náttúrustofa og fulltrúum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Nú eru starfandi átta náttúrustofur en jafnframt hafa í sumum landshlutum byggst upp þekkingarsetur sem starfa á sviði náttúrufræða með stuðningi ríkis og sveitarfélaga. Það er því mikilvægt að í vinnu starfshópsins verði horft til þess hvernig samstarf náttúrustofa og náttúruvæðingna í sama landshluta geti styrkt starf beggja aðila.

Mikilvægt er að í starfshópnum verði einstaklingar sem þekkja ítarlega til starfsemi náttúrustofa og rannsókna og því eðlilegt að í starfshópnum séu m.a. fulltrúar Samtaka náttúrustofa, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnunar Íslands og háskóla á Íslandi.

Nú er mikil deigla í náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi, m.a. vegna skuldbindinga og markmiða Íslands í loftslagsmálum og vaxandi nýtingar náttúrunnar í ferðamennsku og annarri atvinnuuppbyggingu. Breytingar kalla á enn betri þekkingu og vöktun náttúrunnar um land allt og því er mikilvægt að meta hvernig fjármagn og fagþekking á þessu sviði getur nýst íslensku samfélagi sem best.